

Pure North Recycling ehf.
b.t. framkvæmdarstjóra
Sunnumörk4
810 Hveragerði

Tegund skoðunar: Reglubundin skoðun 30.5.2018

Staðsetning skoðunar: Sunnumörk 4

Deild:

Eftirlitsmaður: [REDACTED]

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Samhliða skýrslu þessari er sendar skýringar í myndrænu formi. Fyrri skýrsla dags 01.06.2018 er afturkölluð sökum misstaka í texta.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Eftirfarandi tæki sem eru á lóð og í verksmiðjuhúsi Pure North eru án skoðunar og því óheimlt að nota. JL-0015, JL 5679, og JF 0015.

Fyrirmæli

Skoða skal eftirfarandi vélar. JL-0015, JL 5679, og JF 0015.

Notkun véla er bönnuð þar til vinnueftirlit hefur heimilað notkun.

Veittur frestur:

1.6.2018

Lög & reglur:

388/1989: Reglur um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla

Athugasemd 2 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Skredder Vetplan vél er án öryggishlífa yfir keðjudrif og snigill auk þess sem mötunargryfja er óvarin

Fyrirmæli

Setja skal öryggishlífar yfir keðjudrif og snigil þannig að útilokað sé fyrir utanaðkomandi að setja útlími þar að á meðan vél er í gangi. Notkun vélar er bönnuð þar til vinnueftirlit hefur heimilað notkun.

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

Athugasemd 3 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Þvottavél er án öryggishlífa yfir keðjudrifum auk þess sem mötunarhjól eru án hlífa.

Fyrirmæli

Setja skal öryggishlífar yfir keðjudrif þvottavélar auk þess skal setja upp varnir er hindra að hægt sé að komast að mötunarhjólum þvottavélar á meðan hún er í gangi. Notkun vélar er bönnuð þar til Vinnueftirlit hefur heimilað notkun.

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

Athugasemd 4 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Engar öryggishlífar fyrir keðjudrifum súrheysblásara.

Fyrirmæli

Setja skal öryggishlífar yfir keðjudrif á súrheysblásurum þannig að útilokað sé að útlímir komist þar að á meðan ve'larnar eru í gangi. Notkun vélar er bönnuð þar til Vinnueftirlit hefur heimilað notkun.

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

Athugasemd 5 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Öryggisrofar á Bale böggunarvél hafa verið teknir úr sambandi, auk þess sem öryggishlífar sem vera eiga á vélinni samkvæmt bæklingi eru ekki til staðar.

Fyrirmæli

Tengja skal öryggisrofa samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda vélarinnar, og setja upp þær öryggishlífar er mælt er fyrir um í notkunarbæklingi framleiðanda. Notkun vélar er bönnuð þar Vinnueftirlit hefur heimilað notkun.

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

Athugasemd 6 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við inngang í fyrirtækið er vifta án öryggishlífar.

Fyrirmæli

Setja skal öryggishlíf á viftu við inngang.

Veittur frestur:

13.6.2018

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

Athugasemd 7 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við heimsókn í fyrirtækið var ekki fyrirliggjandi áhættumat starfa, og ljóst er að ástand véla og tækja er ófullnægjandi

Fyrirmæli

Atvinnurekanda ber að leita sér aðstoðar þjónustuaðila, sem viðurkenndur er af Vinnueftirliti ríkisins, við gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði. Skal hann upplýsa viðkomandi þjónustuaðila um þá þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna á vinnustaðnum.

Veittur frestur:

20.6.2018

Lög & reglur:

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

66. gr. a. Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. Skal atvinnurekandi upplýsa þjónustuaðila um þá þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna. Enda þótt atvinnurekandi njóti þjónustu slíkra aðila ber hann engu að síður ábyrgð á að áætlunin sé gerð og henni fylgt eftir.

Athugasemd 8 - Vinnurými

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki eru til staðar læsanlegir skápar/munahólf fyrir starfsmenn

Fyrirmæli

Stja skal upp læsanlega skápa/munahólf fyrir starfsmenn

Veittur frestur:

13.6.2018

Lög & reglur:

581/1995: Reglur um húsnæði vinnustaða

Athugasemd 9 - Efni og efnaáhrif

Lýsing & mat á aðstæðum:

Í vinnslusal fyrirtækisins er mikið ryk og óheinnindi í lofti sem geta haft alvarleg áhrif á heilsu starfsmanna.

Fyrirmæli

Útvega skal starfsmönnum viðeigandi persónuhlífar.

Veittur frestur:

13.6.2018

Lög & reglur:

635/1999: Reglugerð um persónuhlífar til einkanota

Athugasemd 10 - Efni og efnaáhrif

Lýsing & mat á aðstæðum:

Talvert er um allskonar brúsa á víð og dreif í fyrirtækinu sem merktir eru sem hættumerkt efni.

Fyrirmæli

Ganga skal úr skugga um innihald þessara brúsa og sé um hættumerkt efni að ræða skal geyma þau samkvæmt þeim reglum er gilda um meðferð hættumerktra efna.

Veittur frestur:

13.6.2018

Lög & reglur:

553/2004: Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum. Breytingarreglugerð nr. 286/2006

Athugasemd 11 - Vinnurými

Lýsing & mat á aðstæðum:

Mikill óþrifnaður er á starfsstöð fyrirtækisins bæði innanhúss og utan. Slík umgegni getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir starfsmenn og þá er heimsækja fyrirtækið.

Fyrirmæli

Taka skal til og koma á reglu um hvernig gengið er um starfstöðina þannig að útilokuð sé hættu á að starfsmenn fyrirtækisins geti hlotið af skaða vegna umfreðar sinnar um svæðið.

Veittur frestur:

20.6.2018

Athugasemd 12 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við atugun á vinnuvélaréttindum starfsmanna kom í lós að starfsmaður er verið hafði að vinna á vinnuvél er vinnueftirlit var á staðnum hafði ekki tilskilin réttindi.

Fyrirmæli

Senda skal starfsmenn á námskeið til öflunar vinnuvélaréttinda. Starfsmönnum er óheimilt að vinna á vinnuvélum án réttinda.

Veittur frestur:

20.6.2018

Lög & reglur:

388/1989: Reglur um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla

Athugasemd 13 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Slípirokkur er án öryggshlifar

Fyrirmæli

Setja skal öryggishlíf á slípirokk. Notkun á slípirokk er bönnuð þar til á hann hefur verið sett öryggishlíf.

Athugasemd 14 - Inniloft

Lýsing & mat á aðstæðum:

Mikið magn ryks er sjáanlegt berum augum í innilofti.

Fyrirmæli

Mæla skal magn plastyks í lofti þegar framleiðsla er í gangi, og bera þær mælingar saman við mengunarmörk. Niðurstöður mælinga skulu hafðar til hliðsjónar við gerð áhættumats.

Veittur frestur:

21.6.2018

Lög & reglur:

390/2009: Reglugerð um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum

Athugasemd 15 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fyrirtækið hefur ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði en hún á meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir.

Fyrirmæli

Atvinnurekandi ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði. Við gerð hennar skal haft samráð við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð/öryggisnefnd fyrirtækisins og skal henni lokið fyrir veittan frest. Skal áætlunin kynnt í kjölfarið öllum starfsmönnum fyrirtækisins og tryggt að henni verði framfylgt við dagleg störf. Gera skal áhættumat og úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumats.

Veittur frestur:

20.6.2018

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnuettirlitsins á netfangið [REDACTED]

01.06.2018

Dagsetning og undirskrift Vinnuettirlitsmanns



Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnáslutlaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnuettirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnuettirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnuettirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.